

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 32 27. apríl 1938, um stuðning til bænda, er tjón
hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

63

5. maí

1. gr.

Við 5. gr.

Á eftir orðunum: „Vinna utan heimilis“ komi: hlunnindum.

2. gr.

Við 6. gr.

a. Í stað orðanna: „Þeir, sem misst hafa“ o. s. frv. komi: Þeir sem misst hafa samkv. þessu af heildartekjum sínum:

10—15% fá 1.5% í vaxtatillag

15—20% — 2 % — —

20—25% — 2.5% — —

25—30% — 3 % — —

30—35% — 3.5% — —

yfir 35% — 4 % — —

b. Í stað orðanna: „Þeir leiguliðar, er misst hafa“ komi: Þeir leiguliðar, er misst hafa:

10—15% fá 30% jarðarafgjalds

15—20% — 40% — —

20—25% — 50% — —

25—30% — 60% — —

30—35% — 70% — —

yfir 35% — 80% — —

c. Við síðustu málsgrein bætist: nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

3. gr.

Við 10. gr. 2. málsg.

Á eftir orðinu: „jarðræktarlaganna“ komi: Þó sé styrkur þessi eigi lægri en 10 kr. og eigi hærri en 250 kr. til hvers einstaks bónda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.